

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 346, 7. september 1992, um þorskfisknet.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. reglugerðar nr. 346, 7. september 1992, um þorskfisknet er heimilt á árinu 1993 að leggja þorskfisknet með 6 þumlunga möskvastærð 27. mars 1993.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. mars 1993.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skráningu mála hjá héraðsdómstólum,
þingbækur, skjalavörslu o.fl., nr. 225 19. júní 1992.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. bætist nýr tölul., 6. tölul., svohljóðandi:

6. Mál skv. 4. gr. laga um sammingsbundna gerðardóma.

2. gr.

Við 17. gr. bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Þegar opinberu máli er áfrýjað skal afhenda ríkissaksóknara dómsgerðir sem í eru frumrit af framlögðum skjölum í stað ljósrita, sbr. 3. tölul. 1. mgr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 140. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. mars 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.